

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. nóvember 2018

Tillaga velferðarráðs um fundaröð opinna morgunfunda.

Velferðarráð samþykkir að standa fyrir röð morgunfunda opnum almenningi á tímabilinu nóvember 2018 til maí 2019. Á fundunum verða rædd þau viðfangsefni sem ber hæst í velferðarmálum hverju sinni.

Greinargerð:

Í samþykkt velferðaráðs frá árinu 2005 kemur fram að ráðið skuli halda einn opinn fund á ári. Vegna áherslna velferðarráðs á að eiga samtal við notendur og hagsmunasamtök þeirra, starfsmenn, fræðasamfélagið og almenning um þennan mikilvæga málflokk, velferðarmálin, er lagt til að halda röð morgunfunda, sem hefjast í nóvember og eiga sér stað mánaðarlega fram í maí á næsta ári. Á hverjum fundi verður fjallað um eitt viðfangsefni sem er hluti af forgangsmálum velferðarráðs. Sérfræðingar á velferðarsviði, háskólasamfélaginu eða öðrum stofnunum/samtökum auk notenda verða fengnir til að miðla þekkingu í formi fyrirlestra og að þeim loknum verða umræður sem fulltrúar velferðarráðs taka virkan þátt í. Velferðarsviði verði falið að undirbúa fundina.

Kostnaður vegna tillögunnar er metinn á um 800.000 kr., þ.e. leiga á fundarsal og kaffiveitingar vegna 6 funda.